

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I:

- a. Í 30. flokki kemur „Lyftitæki, fjölnotatæki lyftigeta ≤ 5 t“ í stað orðanna „Lyftitæki, fjölnotatæki < 6 tm lyftigeta“.
- b. Í 34. flokki kemur „Lyftitæki, fjölnotatæki lyftigeta > 5 t“ í stað orðanna „Lyftitæki, fjölnotatæki > 6 tm lyftigeta“.

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. desember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Garðabæ nr. 171/1988.

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 7. gr. orðist svo að í stað orðanna „innan kaupstaðarmarka“ komi: á almannafæri.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2001.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Jón Þór Ólason.